



Þór. Kristjánsson bréf til Launamálanefndar Reykjavíkurbæjar 20. september 1938

Bjarni Benediktsson – Þór. Kristjánsson bréf til Launamálanefndar Reykjavíkurbæjar 20. september
1938

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-7, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HAFNARSTJÓRINN í REYKJAVÍK

Afrit

Reykjavík 20. sept. 1938.

Samkvæmt tilmelum launamálanefndar skal jeg hjermeð leyfa mjer að gjöra eftirfarandi tillögur um breytingu á launaflokkakerfi nefndarinnar, eins og það nú er í IV. kafla reglugjörðarfrumv. um laun og starfskjör starfsmanna Reykjavíkurbæjar:

- 1). Ef nefndin telur rjett að gjöra greinarmun á aðal bókara og gjaldkera bæjarsjóðs annarsvegar og hafnar og rafmagnsveitu hinsvegar, tel jeg rjett að fera þessa starfsmenn bæjarsjóðs upp í II. flokk og tilsvarandi starfsmenn hafnar og rafmagnsveitu úr IV. fl. í III. flokk.
- 2). Þess er krafist að hafnsögumenn hafi skipstjóráþekkingu og geti auk þess bjargað sjer sémilega í dönsku, ensku og þýsku. Það er því bersýnilegt við athugun á hvernig öðrum starfsmönnum er skift í flokkana, að yfirhafnsögumaður á heima í III. flokki (Sbr. yfirlöggreglubjónn, yfirvjetstjóri rafmagnsveitu o.fl.) og hafnsögumenn í IV. flokki og legg jeg til að sú breyting sje gjörð á flokkuninni.
- 3). Vatnssölumenn hafnarinnar og aðstoðarmenn hafnsögumanna legg jeg til að sjeu settir í VI. flokk eins og verkstjórar.

Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að gjöra fleiri athugasemdir við launaflokkakerfið, enda eigi unt að átta sig á því til fullnustu meðan kaupið er óákveðið, en á kaupupphæðinni veltur margt, t.d. hvort greiða beri aukabóknanir fyrir næturvaktir hvort rjett sje að stofnanirnar greiði sum skyldugjöld svo sem sjúkrasamlagsgjöld fyrir starfsmenn sína o.m. fl. Þegar launaflokkakerfið verður rætt í hafnarstjórn, þar sem það rjettilega á heima hvað höfnina snertir, mun jeg að sjálfsögðu gjöra nánari grein fyrir skoðun minni á þessu máli.

Virðingarfyllst

Pór. Kristjánsson
(sign).

Til launamálanefndar Reykjavíkurbæjar
c/o dr. Björn Björnsson.